


Marz 1967.

# FÉLAGSBLAÐ NÝALSSINNA

TÍMARIT UM STJÖRNUSAMBANDSMÁL



## EFNISYFIRLIT :

	Bls.
Þorsteinn Jónsson á Signýjarstöðum .. .. . eftir Þorstein Jónsson á Úlfstöðum	3
Naturóður eftir Friedrich Nietzsche .. .. .	4
Um félag Nýalssinna, fundarerindi .. .. . eftir Þorstein Guðjónsson	5
Hulinn heimur .. .. . eftir Þorstein Jónsson	8
Nokkrar tilvitnanir .. .. . eftir Þorstein Jónsson	11

Útgefandi : Félag Nýalssinna  
Pósthólf 1159, Reykjavík.

Ritstjóri : Þorsteinn Jónsson  
Úlfstöðum, Borgarfirði

## FORSÉÐUMYND : ALMYRKVI Á SÓLU.

Tunglið veldur sólmyrkvum. Þeir geta orðið þegar tunglið er í sólstefnu, eða í beinni stefnu milli sólar og jarðar. Þá er æfinlega tunglslaust eða nýtt tungl. Sólmyrkvar koma af því, að tunglið gengur fyrir sólina og skyggir á hana meira eða minna. Hringmyrkva á sólu kalla menn það, þegar bjartur baugur sólar stendur alstaðar útundan tunglöröndinni. Þetta kemur af því, að tunglið er þá svo langt frá jörðu, þegar það gengur fyrir sólu, að skuggakeila þess fellur ekki alveg til jarðar. Almyrkvi á sólu er sjaldgæfur. Sólmyrkvar sjást að eins á litlu svæði jarðar í senn. Enginn sólmyrkvi verður, þótt tungl sé í sólstefnu, ef sól og tungl fara svo á mis, að milli þeirra verði rúmlega hálf mælistig eða meira.

Almyrkvi á sólu er ægileg sýn. Elztu sagnir, sem menn hafa af almyrkva, er frá árinu 603 f.Kr., þegar Medíumenn og Lydíumenn börðust í Litlu - Asíu. Þá varð koldimt á vígvellinum og urðu menn mjög óttaslegnir. Meðan Stiklastaða-orustan stóð 1030, varð svo mikill sólmyrkvi, að eigi sáu menn handa sinna skil, og hefir Sighvatur skáld lýst myrkvanum og áhrifum hans á menn. Stríðið og dauðinn skaut ekki hetjunum "skelk í bringu", en það gerði sólmyrkvinn. Árið 1060 varð svo geigvænlegur almyrkvi á sólu í Portúgal, að fuglar féllu dauðir til jarðar af hræðslu, og önnur dýr tryltust. Almyrkvi stendur eigi yfir lengur en 8-10 mínútur, því undir eins og lítil rönd af sólu kemur útundan tunglöröndinni, hverfur myrkrið að mestu leyti.

Úr stjörnufræðibókinni : "Á öðrum hnöttum" eftir Sigurð Þórarinsson, skólastjóra á Hvítárþakka. Bókin var gefin út árið 1915.



## ÞORSTEINN JÓSEPSSON Á SIGNÝJARSTÖÐUM.

Réttmætt þykir mér að minnast hér lítillaga fornvinar míns, Þorsteins Jósepssonar, en hann var það, sem vitanlega var hvergi getið í neinni hinna mörgu minningagreina um hann í blöðunum, einn af Nýalssinum. Að vísu kom hann víst ekki við sögu í félagi Nýalssinna á annan hátt en þann að vera skilvís gjaldandi, en hins hefi ég fyrir sjálfan mig að minnast, að eftir þau umskipti, sem Nýall skapaði mér forðum, átti ég með honum samleið fremur en nokkrum öðrum. Og einnig að öðru leyti hefi ég líka margs góðs að minnast frá því hann var á Signýjarstöðum, því að hjá honum og foreldrum hans þar, átti ég ævinlega hið bezta athvarf.

Þorsteinn Jósepsson skar sig þegar á unga aldri að ýmsu leyti frá öðrum jafnöldrum sínum, og kom þar hvortveggja til greina, gott upplag og venjufremur frjálstlegt uppeldi. Var það eitt, sem sýnir sjálfstæði hans, að hann skyldi einn og af sjálf-dáðum taka þá ákvörðun að láta ekki ferma sig, eins og ríkjandi venja var þá og er enn. Mun þetta hafa hneykslað margt fólk, þó að það hinsvegar hafi víst heldur leitt til kunningssskapar okkar á milli. A. m. k. sagði Þorsteinn mér það einhverntíma, að sér hafi þótt að því mikill styrkur, er hann heyrði mig, sem var all miklu eldri, heldur lofa þetta fyrirtæki hans en lasta.

Vorið 1929 fór Þorsteinn til Þýzkalands einn síns liðs að mig minnir og þá lítt eða ekki kunnandi í þýzku, og kom þar enn fram nokkurt áræði. Dvaldi hann svo í Þýzkalandi og þó einkum í Sviss næstu tvö ár, og framaðist vel. Var hann, er hann kom aftur heim þaðan, fullur eldmóðs og skáldlegra drauma, sem ég varð snortinn af, og var þá markmið hans allt annað fremur en það að komast í góða stöðu og verða velmetinn borgari. Eru mér minnisstæðust kynni mín af honum frá þessum tíma, og hafði hann þá að einhverju leyti kynnt sér sumt hið bezta í þýzkum bókmenntum. Bar þar hjá honum hæst skáldspekinginn, Friedrich Nietzsche, og þýddi Þorsteinn þá að ég held á snilldarlegan hátt nokkra kafla úr bókinni "Also sprach Zarathustra," og hefði ég gjarnan viljað rifja upp eitthvað af því. Mun hann einkum hafa skrifað þessar þýðingar í hinni fyrri "letiviku" okkar í Húsafellsskógi, og er þetta mér minnisstætt vegna áhrifa þeirra á mig.

Það er sagt frá því í Njálu, að Skarphéðni hafi þótt mikilsvært, er Gunnar að Hlíðarenda kenndi honum dauður það heilræði að vægja ekki fyrir óvinum sínum, og mætti mörgum finnast líkt um það, sem Þorsteinn Jósepsson kenndi með síðasta þætti ævi



sinnar hér. Það var sagt, að hann hafi á engan hátt vægt fyrir sjúkdómi þeim, sem dró hann til dauða, en starfað að sínum hugðar-efnum jafnvel lengur en stætt var. Var slíkt karlmannlegt og í góðu samræmi við það, að hann hafi mjög skömmu eftir dauða sinn leitað sambanda einmitt þar, sem lítil hópur Nýalssinna hafði reynt að skapa skilyrði til slíks. Er það ósk mín og von, að þeirri viðleitni verði æ betur framgengt, því að með því mundi verða unninn hinn bezti sigur bæði fyrir lifendur og látna.

Þorsteinn Jónsson

A Úlfsstöðum.

NÆTURÓÐUR. Eftir Friedrich Nietzsche.

Það er nótt: Nú lætur hærra í öllum gjósandi brunnnum. Einnig sál mín er gjósandi brunnur.

Það er nótt: Nú fyrst vakna allir óðir elskendanna. Einnig sál mín er óður elskenda.

Eitthvað ósvalað, ósvalandi er í mér. Rödd þess vill hækka. Löngun til ásta er í mér, hún talar sjálf mál ástarinnar.

Ég er ljós. Ó, að ég væri nótt. En þetta er einmanaleiki minn, að ég er umgirtur ljósi.

Ó, að ég væri dimmur og náttlegur. Hversu ég vildi drekka af brjóstum ljóssins.

Og ykkur sjálf vildi ég blessa, litlu blikstjörnur og ljósormar barna uppi, og verða sæll af ljósgjöfum ykkar.

En ég lifi í mínu eigin ljósi. Ég drekk aftur í mig logana, sem af mér stafa.

Ég þekki ekki hamingju takandans, og oft dreymir mig, að sælli væri stuldur en rán.

Það er fátækt mín, að hönd mín hvílist aldrei frá því að gefa. Það veldur öfund minni að sjá þrá hinna væntandi augna til hinna björtu náttu.

Ó, vansæla allra gefenda. Ó, myrkur sólar minnar. Ó, græðgi mín til þess að langa. Ó, logahungur saðningarinnar.

Þeir þiggja af mér: En hríf ég þá sálir þeirra? Djúp er milli þess að gefa og taka. Og hið minnsta djúp verður síðast brúað.

Hungur vex úr fegurð minni, sársauka vildi ég þeim valda, sem ég lýsi, ræna vildi ég þiggjendur mína: Þannig hungrar mig í illsku.

Ég vildi kippa að mér hendinni, er ég rétti ykkur hana. Líkt og fossinn hikar í falli sínu, þannig hungrar mig í illsku.

Slík hefnd leitar út frá gnægð minni, slík lymska vellur út frá einmanaleik mínum.

Hamingja mín af að gefa dó við að gefa, Dyggð mín varð þreytt á ofurgnægð sinni.

Sá sem æ gefur, hlýtur að glata vanvirðukennd sinni. Hver sem æ úthlutar, fær sigg á hönd sína og hjarta af glamri úthlutunarinnar.

Augu mín vökna ekki frammar vegna smáunar biðjandans. Hönd mín varð hörð vegna titrings fyllingar sinnar.

Hvaðan komu tár augna minna, og logar hjarta míns? Ó, einmanaleiki allra gefenda. Ó, þegiandaleiki allra lýsenda.

Margar sólir sveima um hið auða rúm. Við allt, sem dimmt er, tala þær með ljósi sínu, - við mér þegja þær.

Ó, þetta er fjandsemi ljóssins gegn hinu lýsandi: Vægðarlaust flýgur það brautir sínar.

Vægðarlaust gagnvart hjartaprá lýsandans, köld gagnvart sólum, þannig gengur sérhver sól.

Eins og stormur fljúga sólirnar brautir sínar, það er gangur þeirra. Sínum óhagganlega vilja fylgja þær, það er kuldi þeirra.

Ó, fyrst væru það þið hin dimmu og náttlegu, sem veitt gætuð lýsandanum yl. Ó, frammar öðrum væru það þið, sem drekka mættuð mjólk og svaladrykki af brjóstum ljóssins.

Ó, ís er um mig, hönd mín brennir sig á hinu íslega. Ó, þorsti er í mér, þorsti, sem langar í ykkar þorsta.

Það er nótt: Ó, að ég skuli vera ljós og þorsti eftir náttleik og einveru.

Það er nótt: Nú streymir fram löngun mín eins og uppsprettulind, - mig langar að tala.

Það er nótt: Nú lætur hærra í öllum gjósandi brunnum. Einnig sál mín er gjósandi brunnur.

Það er nótt: Nú fyrst vakna allir óðir elskendanna. Einnig sál mín er óður elskenda.

Þannig söng Zarathustra.

## UM FÉLAG NÝALSSINNA.

### FUNDARERINDI.

Ég minnst þess frá fyrstu árum félags Nýalssinna, að ég var stundum spurður þannig um félagið, að mér varð ekki greitt um svör, og má vera að ég hafi þá talið að þeir, sem þannig spurðu, mundu vera miður vinveittir félaginu og málefnum þess. En hitt er þó víst, að það voru ekki fyrst og fremst störf og málefni félagsins sem óvild þessara manna beindist að, heldur höfundur þeirrar kenningar sem félagið byggði á. Það sem ófært þótti, var að nokkrir



skyldu leyfa sér að stofna til félagsskapar um kenningar, sem dr. Helgi Pjeturss hafði borið fram, og lýsa því þannig yfir, að þeir teldu hann verðan virðingar og þakklætis. Einhverra hluta vegna var þetta ekki vel séð eða a. m. k. ekki stutt af flestum þeim, sem völdin höfðu og áhrif í Þjóðfélaginu eða af hinum lærðu mönnum, og þannig atvikaðist það, að Félag Nýalssinna var stofnað og síðan haldið uppi af mönnum, sem ekki áttu mikið undir sér, en höfðu þó fullan hug á því að verða að liði málstað, sem þeir töldu góðan og á því að bera fram kenningu, sem þeir töldu rétta. En kenning dr. Helga var með þeim hætti ljós og einföld, að það þurfti enga sérfræði til að skilja hana. Það var þessvegna, að menn sem gegna algengum störfum í Þjóðfélaginu, gátu tekizt það á hendur að vera málsvarar kenningarinnar að dr. Helga látnum.

Dr. Helgi Pjeturss var vísindamaður, og það var á vísindalegum grunni, sem hann reisti kenningar sínar. Því verður ekki á móti mælt, að það er vísindalegt að tala um hugsamband á þann hátt, sem hann gerði, og að líta á svefninn sem hleðslu og draumana sem árangur eða afleiðingu þeirrar hleðslu. Og af þessu og mörgu öðru verður óhjákvæmilegt að tala um lífmagn, og það er þetta lífmagn sem við ætlum að tala um hér í kvöld. En á undan því þykir okkur hlýða, vegna utanfélagsmanna sem hér kunna að vera staddir, að gera nokkra grein fyrir félaginu og starfi þess.

Hvað er Félag Nýalssinna, hvernig starfar það og hvað ætlast það fyrir? Fyrstu spurningunni, hvað félagið sé, hef ég þegar að nokkru leyti svarað með því að minna á, við hvaða aðstæður það var stofnað. Það var andsvar við rangindum, sem ríkjandi voru. En það var á gamlaársdag 1950, sem félagið var stofnað, og hafi einhver spáð því skammra lífdaga, þá hefur sú spá auðsjáanlega ekki rætt. Um skjótan framgang þeirra mála, sem stofnendurnir vildu styðja, hefur þó ekki verið að ræða, hvað svo sem verða kann um þann spádóm merks og gáfaðs prests, sem frétti af samtökum okkar, að eftir tuttugu ár yrðu allir Reykvíkingar komnir í þetta félag sem þeim í fyrstu fyndist svo smátt um.

Tilgangur félagsins var í upphafi eins og segir í hinum fyrstu lögum þess, "að útbreiða og kynna kenningar dr. Helga Pjeturss um lífsbandið milli stjarnanna". Í samræmi við þann tilgang hefur félagið síðan starfað, og ber þar að nefna reglulega félagsfundir, sem jafnan hafa verið opnir hverjum sem koma vildi, almenna kynningarfundir og útgáfustarfsemi. Það heyrir ekki beinlínis til félagsmála, að ýmsir félagsmenn hafa birt eftir sig greinar og ritgerðir í almennum blöðum og tímaritum, og flutt útvarps-erindi, eða það að Þorsteinn Jónsson, sem að ýmsu leyti má teljast frumkvöðull þessa félagsskapar, hefur á þessu tímabili gefið út tvær bækur eftir sig, sem varða þessi málefni, einkanlega önnur þeirra. En bæði er að þetta miðar allt að hinu sama og því sem er tilgangur



félagsins, enda er líklegt að hreyfing sú og samtök milli manna, sem félagið er, hafi ýtt undir eða greitt fyrir sumu af þessu og læt ég þessa því einnig getið hér. Og svo ber auðvitað að meta og virða allan góðan hug til félagsins og málefna þess, hvar sem hann kann að hafa gert vart við sig.

Sú viðbót var síðar tekin upp í lagagrein þá, sem segir um tilgang félagsins, að þar skyldi, auk þess sem segir um að vekja athygli á kenningunni um lífsbandið, standa, að tilgangurinn væri að efla og bæta það samband. Var þessi viðbót nauðsynlegur formáli að því ef um framkvæmdir yrði að ræða á vegum félagsins, eins og nú skal nokkuð minnst á.

Eitt mesta stefnumál félagsins er bygging stjörnusambandsstöðvar, en það er með öðrum orðum staður, þar sem miðtilraunir fara fram í vísindalegum anda. Félagið birti áskorun sína um slíka stöð árið 1951, og nokkru síðar fóru menn af félagsins hálfu á fund ýmissa áhrifamanna til að leita um undirtektir við það mál og önnur. En þar urðu mjög litlar undirtektir eða neikvæðar. Það fór einnig svo að fjárgjafir til stjörnusambandsstöðvarinnar urðu ekki miklar, og mátti það undarlegt heita, þar sem um svo mikið mál var að ræða. Það má til gamans geta þess, og um leið með hlýjum hug, að ein fyrsta gjöfin til stöðvarinnar var fimm krónur frá gamalli konu. Og reyndar hefur sjóðnum alla tíð síðan verið haldið við og farið stækkandi og er nú hreint ekki óverulegur. En þegar ég lít um öxl, til þess tíma þegar þetta var, þá finnst mér það að sumu leyti skiljanlegt, að ekki komst skriður á þetta mál þegar í byrjun. Það var aðalviðfangsefni okkar í félaginu fyrstu árin, að treysta skilning okkar á þessu mikla málefni, svo að hvergi yrði svara vant ef leitað yrði á okkur. En þegar rætt var um miðilfundi, sem eðlilega var áhugi á í félaginu, þá man ég að þáverandi formaður hafði einhverntíma látið svo um mælt, að það væri alls ekki tímabært, og yrði líklega að bíða eftir því í ein fimmtán ár, að þar yrði árangurs að vænta.

Nú er þetta mál farið að horfa öðruvísi við, meðal annars vegna þess að menntamenn í öðrum löndum eru nú óðum að snúast að jákvæðari stefnu til þessara fyrirbæra. Nú fer að verða hægt að fara frjálstegar að öllu, sem varðar miðtilraunir en lengi hefur verið og nú verður hægt að hafa allt slíkt sem mest fyrir opnum tjöldum, eins og óhjákvæmilega hlýtur að vera stefna þeirra, sem fylgja Nýal að málum. Nú horfum við fram til þess tíma, að stjörnusambandsstöð fari að rísa af grunni og gnæfa við himin með meir en morgunroðafegurð eins og hinn ágætasti snillingur hefur að orði kveðið. Þrátt fyrir allt sem á undan er gengið, horfir nú til þess, að það verði stefna lífsins en ekki dauðans sem sigrar.



Ég ætla svo að nefna nokkur atriði um félagið, eins og það er nú. Stjórn félagsins skipa: Ingvar Agnarsson, formaður. Sigurður Ólafsson, gjaldkeri. Sveinn Haraldsson, ritari. Meðstjórnendur Sveinbjörn Þorsteinsson og Þorsteinn Jónsson.

Félagsfundir eru haldnir mánaðarlega, eftir fastri reglu, það er fyrsta miðvikudag hvers mánaðar kl. 9. Þeir eru haldnir í húsnæði félagsins á Laugavegi 24, þar sem einnig fer fram ýmis önnur starfsemi á vegum þess. Fundir sem sérstaklega er boðað til, hafa oftast verið haldnir hér á Hverfisgötu 21. Tilraunafundir eru haldnir með félagsmönnum, og fer sú starfsemi vaxandi.

Um útgáfustarfsemi félagsins er þess sérstaklega að geta, að árið 1955 gaf félagið út Nýal dr. Helga Pjeturss í sex bindum, að fengnu útgáfuleyfi. Síðastliðið ár, 1966, seldist meira af Nýal en nokkurt einstakt ár annað síðan 1957.

Félagið hefur einnig á boðstólum tímarit: Íslenzka stefnu, 1951 til 1963, Félagsblað Nýalssinna frá 1963, sem Þorsteinn Jónsson er ritstjóri að, og Interstellar Communication, það er samband milli stjarna, blað á ensku, sem fer víða um lönd og kynnir íslenzka heimspeki. Ritstjórn þess hef ég á hendi, en Sigurður Ólafsson og Ingvar Agnarsson hafa styrkt útgáfu þess. Má vera að ég segi nánar frá því síðar.

Öll þessi rit, bæði Nýall og tímaritin, eru til sölu hjá gjaldkera félagsins, Sigurði Ólafssyni í Fálkanum, Laugavegi 24, og einnig hafa þau verið boðin til sölu á fundum félagsins.

Þorsteinn Guðjónsson.

"Hulinn heimur" heitir bók, sem ég las nýlega, og er þar um að ræða 44 stuttar frásögur af ýmiskonar furðulegum fyrirbærum. En þótt fyrirbæri þessu séu víst talin óskilin eða jafnvel óskýranleg, þá get ég ekki betur séð en að eðli sumra þeirra liggja alveg ljóst fyrir. Þannig segir í fyrsta þætti frá atviki, draumi, sem skýrist til fulls með því að gera ráð fyrir skynjanaflutningi manna á milli, en slíkt er vitanlega alveg eins hugsanlegt og hugsanaflutningur, sem fræðimenn eru nú farnir að viðurkenna. Segir þarna frá því, að blaðamaður nokkur í Boston lifir það upp í draumi, sem þá á stundinni var að gerast hinumegin Kyrrahafsins. Og þetta, sem blaðamaðurinn lifði í svefninum, var hvorki meira né minna en hið stórkostlega eldgos, þegar Krakatoa sprakk í loft upp. Skrifaði blaðamaðurinn, þennan draum sinn, sem kallaður er þarna martröð, undir eins og hann vaknaði, og til þess nú að engin reningur geti komist hér að eða grunur um, að draumurinn hafi verið búinn til eftir á, þá vildi svo óhappalega til



fyrir blaðamanninn, að draumur hans var í ógáti birtur sem raunveruleg frétt í blaði því, sem hann starfaði við. Lá við í bili, að honum yrði fyrir þetta vikið frá starfi sínu þar, því að fyrst eftir þessa frétt hans var ekki annað vitað en hún vær staðlausir stafir. En eins og bráðlega fór að koma í ljós vegna áhrifa frá hinni miklu gossprengingu og svo af fréttum, sem tóku að berast, varð raunin önnur, enda snérist þá brátt til hins betra fyrir blaðamanninum.

Eins og ég sagði, þá má það heita alveg auðsætt, að draumur þessi hefir orðið til fyrir skynjanaflutning frá einhverjum, sem raunverulega lifði hinn hrikalega atburð. Í rauninni getur engin önnur skýring komið þar til greina. En þegar komið er á þá skilningsleið að draumur eins geti verið vökulíf annars, þá fer að blasa við, hver muni geta verið undirrót fjölmargra drauma annara. Að vísu ætti það að liggja alveg ljóst fyrir, að draumskynjanir manna geti ekki orðið til á annan hátt en þennan, því að í rauninni hefir aldrei verið sýnt fram á, hvernig sofandi maður geti búið sér þær til sjálfur. En hvort sem menn gera sér það ljóst eða ekki, að þeir geti ekki fremur í svefni en vöku látið sig sjá hugrenningar sínar eins og hluti eða staði, þá ætti ekki að geta verið um það að villast, að draumvitneskja pólsku stúlkunnar um unnusta sinn, sem sagt er frá í 28. þætti bókarinnar, hefir eins og vitneskja blaðamannsins verið komin henni fyrir samband, og er svo reyndar um hinar aðrar draumsögur þarna. Að sjálfsögðu hlýtur það einnig að vera fyrir samband, ef menn í vöku fá hugboð eða öðlast vitneskju um það, sem þeir enga aðstöðu höfðu til að afla sér vitneskju um sjálfir, og er ennfremur þarna sagt frá nokkrum dæmum um slíkt. Og hvað á maður þá að hugsa um þáttinn "Endurholdgun", sem svo er nefndur. Ég get ekki betur séð en að það sé ákaflega miklum mun skynsamlegra að ætla, að þar hefi verið um sambandsástand að ræða en ekki endurburð. Er þar þess fyrst að gæta, að endurburður, sem í þessu sambandi er miklu betra orð en endurholdgun, er frá sjónar-

miði erfðafræðinnar og annarar náttúrufræðilegrar hugsunar alveg óhugsanlegur. En svo er hér hitt að auki, að frásagan bendir eindregið til hins fyrr nefnda. Undir eins í bernsku er sagt, að litla stúlkan, sem þóttist hafa lifað áður, hafi farið einförum og talað við sjálfa sig eins og hún væri umkringd fjölda af fólki. Gefur slíkt ástæðu til að ætla, að hún hafi þá ekki þóttst vera ein fremur en þeir þykjast vera það, sem kallaðir eru skyggjarnir og ekki alveg með réttu, því að vitanlega sjá þeir í sínu skyggjarniástandi ekki með eigin augum fremur en sofandi maður draumveröld sína. Og hvernig hefði hún líka átt að geta öðruvísi en fyrir samband fylgst með öllu á leið sinni til manns þess, sem hún taldi sig hafa verið gifta í fyrra jarðlífi, eftir að hundið hafði verið fyrir augu hennar, því að auðvitað hefir hún þá ekki getað slíkt af eigin rammleik, hversu kunnug sem hún hefði þar verið. En í stað þess, að sambandsvera blaða-



mannsins virðist aðallega hafa verið einhver af íbúum gossvæðisins þarna austur frá við eyna Jövu og því enn á lífi, hefir sambandsvera stúlkunnar litlu verið kona, sem ekki var lengur meðal íbúa þessarar jarðar.

Ekki veit ég, hvort menn gera sér það yfirleitt ljóst, hve margt væri nú á huldu, ef ekki væri vitað um neina staði fyrir utan jörðina. Væri ekki vitað, að sól og tungl ásamt hinum ótölulega grúa stjarnanna eru raunverulegir staðir og væri ekki vitað af áhrifum þeirra á jörðina, þá vantaði möguleikana til skilnings á undirrót nálega allra fyrirbæra á yfirborði jarðarinnar. Hvaða grein gæti maður t. d. gert sér fyrir orsökum flóðs og fjöru eða þá undirrót storma og strauma, ef ekki væri vitað af sambandi jarðarinnar við sól og tungl eða þá það allsherjarsamband, sem hreyfing stjarnanna byggist á, En skyldi þá ekki einnig vera ástæða til að ætla, að það kunnist vera af vöntun á einhverju tilsvarendi því, sem þegar hefir þó áunnist í heimsfræði, að sumt það, sem varðar lífið á jörðinni, er annaðhvort ranglega skilið eða ekki. Eins og kunnugt er, þá hafa að vísu sumir hinir vitrustu menn jarðarinnar ekki einungis gert sér ljósan mikilleik stjörnuheimsins, heldur einnig látið sig dreyma um, að á ótalstöðum öðrum en þessari jörð séu lifendur og sumstaðar lengra komnir á þroskabraut en hér þekktist. En væri nú farið að horfa út frá ekki einungis þessu, að víðar sé líf en hér, heldur einnig því, að lífsamband eigi sér stað á milli lífheima allra jarða, eins og framhald þess skilnings, sem vikið var að á eðli drauma, leiðir örugglega að, þá mundi einnig hinni líffræðilegu þoku fara að létta af, og skal nú aftur vikið að nokkrum þáttum umræddrar bókar.

"Er mögulegt að mannleg vera geti bókstaflega horfið af yfirborði jarðar í viðurvist sjónarvotta? Áður en þú svarar þeirri spurningu, lesari góður, vil ég biðja þig að lesa söguna af David Lang, sem hér fer á eftir". Þannig byrjar 3. þáttur bókarinnar, sem er frásaga af atburði á þessa leið. Í 9. þætti er hinsvegar sagt frá "fljúgandi disk", sem settist um stund á hæð nokkra skógivaxna, og hryllilegu þefillu skrímsli, sem virtist tilheyra þessu farartæki. Nú tek ég að vísu ekki í ábyrgð sannleiksgildi þessara frásagna, en virðist þó að þær þurfi ekki endilega að vera ósannar. Eins og margir munu hafa heyrt talað um, þá hefir það stundum borið við á miðilsfundum, að komið hafa fram svipir eða líkamningar framliðinna manna, sem um stund hafa orðið jafn sýnilegir og ápreifanlegir og aðrir þar viðstaddir, Og hafi þetta raunverulega átt sér stað, sem ég efast heldur ekki um, þá þykir mér sem þessi tvö umræddu dæmi geti alveg eins verið hugsanleg. Einungis er þar um að ræða tvær hliðar hins sama, líkómun og aflíkómum, og verður vitanlega að ætla, að einhver sérstök skilyrði hafi hlotið að liggja til hvors fyrirbærisins fyrir sig. Til mannvarfsins eða aflíkómunarinnar get ég hugsað mér að legið hafi eitthvað sérstakt ástæði á einhverri annari jörð, ef til vill sambandstilraun svo aðdragandi og lífeðlislega ástæð David Lang, að hann hlaut að hverfa



þangað, hvort sem hann vildi eða ekki. En að framkomu "flugdisk-  
ins" þykir mér hinsvegar líklegast, eins og ég hefi heyrt mann halda  
fram um slík fyrirbæri, að standi hinn mikli tækniáhugi jarðarbúa  
nú og þá ekki sízt varðandi flug og ferðalög um geiminn, og mætti þá  
í framhaldi af því ætla, að skrímslið eða ófreskjan hafi verið einhvers-  
konar framleiðsla þess anda, sem svo mjög hefir orðið ríkjandi þjóða  
á milli á þessari öld.

Að lokum skal hér vikið að efni 32. þáttar, sorgarsögu um  
undrabarn, og get ég þó ekki látið ógert að minnast einnig á 42.  
þátt. Er þar talað um að maður nokkur, Andrew Crosse að nafni,  
hafi um 1800 tekist að kveikja líf af líflausu efni, og hefði þar nú að  
vísu ekki verið um annað að ræða en það, sem gerzt hefir hér frá  
því að jörðin var með öllu lífvana. Það þarf að sjálfsögðu ekki að  
draga það í efa, að lífið hefir hér vaxið upp úr hinni líflausu náttúru,  
þó að ólíklegt sé, að það hafi gerzt án sambanda við líf á enn öðrum  
stöðum. Ætti af þessu ekki að vera óhugsanlegt, að með réttum  
efnasamsetningi mætti búa svo í haginn fyrir tilgeislandi lífmagn,  
að fram komi hinir allra frumstæðustu lífsneistar. En hafi þarna  
hjá Crosses verið um að ræða á einhvern hátt þróaðar skordýra-  
tegundir, þá hlýtur einhverskonar líkömun að hafa komið þar til greina.  
En það sem ég einkum vildi minnast á varðandi hið ógæfusama undra-  
barn, er sú eftirtektarverða hending, að það skyldi einmitt vera  
eftir að hafa flutt erindi um 4. víddina, að undrabarn þetta missti  
stjórn á sér. Þykir mér það gefa ástæðu til að ætla, að það hafi  
ekki einungis verið hin ranga meðhöndlun föðurins á þessu undra-  
barni sínu, heldur einnig rangstefna sumra hinna ríkjandi vísinda,  
sem gerði sögu þess sorgarsögu. Hvað sem öllum stærðfræðibrell-  
um líður og flóknum röksemdum, þá hlýtur það að liggja ljóst og  
einfaldlega fyrir allri eðlilegri skynsemi, að 4. vídd getur ekki  
verið raunveruleg, og hefir því hlátur og fliss hins 14. ára unglings  
verið fullkomlega eðlilegt í sambandi við hana.

Þorsteinn Jónsson.

#### NOKKRAR TILVITNANIR.

Áður fyrr stundum, þegar ég var unglingur, skrifaði ég hjá  
mér ýmislegt upp úr bókum, sem ég ekki átti og hafði ekki ráð á  
að eignast. Þannig man ég, að þegar ég var á 15. ári skrifaði ég  
Landnámu upp að miklu leyti, og mun það hafa verið mesta afrek  
mitt í þessu efni. Nú þegar gnótt bóka er jafnan fyrir hendi, geri  
ég þetta miklu síður, og getur þó átt sér stað, að ég skrifi hjá mér  
stöku atriði, sem ég rekst á í bókum eða blöðum. Þannig hefi ég  
skrifað upp úr bók, sem heitir Undraheimur dýranna:



"Við tilraun heppnaðist að láta framenda ánamaðks vaxa að nýju tuttugu og einusinni. Þetta var mjög góður árangur, þegar þess er gætt, að ormurinn varð að endurnýja heilann í hvert skipti. Enn betur tókst orminum að endurnýja afturendann, eða fjörutíu og tvisvarsinnnum. Auðvitað getur dýrið ekki haldið slíkri nýsköpun áfram óendanlega, og það kom í ljós, að hún gekk hægar og hægar í hvert skipti, er tilraunin var endurtekin, og hætti að lokum alveg."

"Því neðar sem kemur í lífríki jarðar, því meiri lífseigju er þar um að ræða, því meiri endurvöxt og því meiri getu til að aukast og fjölga. Ormar eru þar neðarlega, og hjá þeim á sér stað endurvöxtur meiri en hjá flestum öðrum líftegundum. Þó eru hydrur framar í því efni, en þær lifa í vötnum og lækjum og eru mjög smávaxnar. Þær eru rándýr með marga munnarma, sem vopnaðir eru brenniblöðum eins og munnar sæfíla."

"Svampar eru einfaldastir allra dýra, ef undanskilin eru einfrumudýr eða frumdýr, sem oftast eru ósýnileg berum augum. Og svampa má skera sundur í marga parta án þess að þeir deyi. Meira að segja getur svo hver partur orðið að nýjum svampi, og ekki nóg með það. Það er enganveginn víst, að svampur deyi, þótt honum sé skipt niður í frumur. Ef tekinn er svampbíti og undinn gegnum fínan silkiklút, þá kemur mjólkurlitaður vökvi gegnum silkið. Og sé vökvi þessi athugaður í smásjá, þá kemur í ljós, að vökvinn er mjólkurlitaður af frumum, sem hreyfa sig hægt. Eftir nokkra stund fara svo frumur þessar að skipa sér saman í smápyrpingar. Þyrpingar þessar hreyfa sig, og ef þær rekast á annan flokk, þá renna þær saman við hann. Og eftir þrjá eða fjóra daga fara að sjást smákekkir, sem geta vaxið og orðið að fullproskuðum, seigum svömpum, sem fara að framleiða lyrfur eftir svo sem þrjá mándui."

Heyrt hefi ég því haldið fram, að eftir felli manna eða dýra sé jafnan því líkast, að náttúran reyni sem fyrst að bæta í skörðin með aukinni frjósemi, og væri slíkt eftirtektarvert, ef rétt er. Í Undraheimi dýranna minnir mig hinsvegar að talað væri um á einhverjum stað, að ef skerðingi einhverrar tegundar yrði ákaflega mikil svo að nálgæðist útrýmingu, hætti þeim fáu einstaklingum til, sem eftir lifa, að verða ófrjóir, og þykir mér slíkt ekki síður eftirtektarvert. Mætti af þessu ætla, að offæð einhverrar fylkingar geti leitt til þess, að nauðsynleg lífmagnan fái ekki, en þess skilnings er víst einungis að vænta meðal Nýalssinna. - Annars er þetta, sem tekið er upp hér að framan og auðvitað er ekki nema það, sem margir vita, að ýmsu leyti íhugunarvert framyfir það, sem ég held það hafi verið íhugað til þessa. Þannig er það vert umhugsunar, að svampþyrpingar, sem um skeið voru aðeins sundurlausar frumur, skuli ekki halda áfram að sameinast eftir að ákveðinni stærð hefir verið náð, og bendir slíkt ekki einungis til aðdráttar eða sambandsviðleitni hjá hinum örsmáu einingum,



heldur einnig til minnis, eins og reyndar öll hin sífendurtekna lífsbygging. Ennfremur er það með öllu óskiljanlegt, nema út frá hinu nýalska sjónarmiði, að sameining hinna tveggja fruma, sem hættar voru að skiptast og aukast þannig, að sá hæfileiki skuli endurtaka sig fyrir það, að tvær renni saman, gefi sig hvor annari til fulls og verði að einni. Getur þar auðsæilega ekki annað komið til greina en magnan, sem sameining tvenningarinnar leiddi til, og bregður þaðan nokkru ljósi á það, sem þarf til þess, að deyjandi einstaklingur byggist upp aftur og verði sem ungur. Í annað sinn eða betur. Er þreyta ánamaðksins og einfrumungsins, sem hættu að geta endurvaxið og aukist, fyllilega samstæð því, sem með gömluninni verður. En að ellin skulu ekki einungis vera sem syfja, sem jafn auðvelt sé að lækna og syfjuðum manni að sofna, það er í fyllsta samræmi við þetta, sem vikið var að, að það skuli ekki einungis vera hjá hinum líttþróuðustu lífverum, sem endurvöxturinn er auðveldastur og aukningin verður mest, heldur einnig skuli slíkt takast því fremur, sem líftegundin er verri eða meir í vísisáttina.

Úr bók eða ritgerð eftir Pálma Hannesson hefi ég skrifað þetta:

"Verði samtímis fyrir amöbu sandkorn og baktería, virði hún sandkornið vettugis en dregst að bakteríunni. Hún er næm fyrir bakteríunni en ekki leirkorninu."

"Amaba skiptir sér, og fjölgar þeim einungis þannig. En til lengdar þreytast sumar tegundir amaba á þessu og hætta að skipta sér, þar til þær hafa sameinast einhverri annari þannig að tvær verði að einni. Þá endurnýjast lífsaflíð, og þessi amaba, sem varð af tveimur, skiptir sér í ákafa, ef skilyrði eru til."

"Beztu lífskilyrði amöbunnar eru við 37 stiga hita."

"Amaba fellur í dá, þegar því er að skipta, en það er, að lífsstarf hennar hættir að mestu, verður jafnvel ómerkjanlegt. En til fulls má það þó ekki hætta, því að þá deyr amaban."

"Amaba eldist ekki og deyr aðeins af slysum."

Úr bókinni Framtíð manns og heims hefi ég tínt þetta, og er það þó þannig, að ég hefi bætt ýmsu við:

"Frá því að frummaðurinn kom fyrst fram, hefir þróun kynþáttar okkar gerzt með síauknum hraða." Bls. 142.

Þetta þykir mér benda til þess, að þróunin muni vera áunnin á þann hátt, sem ég (P. J.) hefi haldið fram, tilorðin fyrir nokkurskonar nám eða söfnun ættminninga. Er skiljanlegt, að slíkt gerist með meiri hraða eða taki því skemmri tíma, sem tegundin er orðin gáfaðri eða betur á veg komin í þroskaátt. Væri þróunin hinsvegar tilorðin einungis eins og talið er nú, orðin til fyrir hrein tilviljana-



áhrif á erfðastofnana, þá ætti þróunarhraði tegundanna að vera nokkurnveginn jafn alla tíð.

Sagt er í bók þessari á bls. 190, að súrefni loftsins fari minnkandi á **jörðinni**, sé nú minna en fyrir nokkrum milljónum ára, og er það ósamkvæmt því, sem ég hefi annarstaðar séð, að bandarískir vísindamenn hafi komist að fyrir athuganir á milljónaáragömlum heimskautaísi. Í þeim ísi var sagt, að loft hafi reynst súrefnissnauðara en í yngri ís eða lofti yfirleitt, og er það nær því, sem líklegast er. Hið líklegasta er einmitt, að lífið hafi hér smámsaman breytt skilyrðum sínum sér í hag.

Sagt er í bók þessari á einhverjum stað, að spáð hafi verið heimsendi árið 1000 og aftur árið 1264, en eins og kunnugt mætti vera, þá voru bæði þessi ár sérstök óhappaár hinni norrænu stefnu, sem Nýall er framhald af.

Á bls. 199 er getið um, að sólblettir, þ.e. sólgos hafi orðið mest 1957 síðan byrjað var að athuga slíkt fyrir nálega 200 árum og að um meira en ljóss og aðdráttarsamband sé að ræða milli sólar og jarðar. Þannig er þarna sagt, að fyrir áhrif frá sól hætti stundum nál áttavítans að **benda** í norður en sveiflist sem óð væri, stuttbylgjustöðvar bregðist og loftskæpti og radíómiðun gangi ekki fram, rafmagnskerfi heilla sveita verði allt í einu óvirk og þar með lýsingar, sími og umferðarljósin. "Hugleiðið", er þarna sagt, "að telja má fullvíst, að sólin hafi áhrif á jafnvægi jarðskorpunnar, að hún ráði tíðni og styrkleika jarðskjálftanna og opinberi mátt sinn í andrúmsloftinu. Skyldi ekki leyfast að trúá því, að óveður, stormar og annarlegt veðurfar á ýmsum árstíðum og allar hinar veðurfarslegu truflanir, sem undan hefir verið kvart- að síðan 1954, séu tengd athafnasemi sólar, sem aldrei hefir virzt jafnmikil. Og ekki nóg með það. Hið lifandi efni hefir samkvæmt athugunum vísindamanns nokkurs, **orðið** fyrir slíkum áhrifum, og er það í samræmi við ýmsar staðreyndir, sem örðugt hefir reynst að skýra. Þannig má minna á það, að ýmsir sjúkdómar og sjúkdómsfaraldrar, aukin tala dauðsfalla, sjálfsmorða, glæpa og slysa fylgir auknum sólblettum."

Á bls. 225 er talað um dökka hluti í grennd við sumar sólstjörnur, sem ekki geti verið annað en plánetur, og að þannig verði að álykta, að óteljandi mörg sólhverfi hljóti að vera til önnur en þetta og að lífs sé því víðar að vænta. Talað er um, að sumsstaðar kunni að vera frændur jarðarbúa og að samgangur kunni að hafa átt sér stað og kunni í framtíðinni að eiga sér stað milli hnatta og jafnvel sólhverfa. En enginn hugmynd kemur þarna þó fram um lífsamband, enda skilningur á lífinu ekki meiri en svo, að mark er þarna tekið á þeim einsteinska heilaspuna, að einstaklingur, sem ferðaðist með ljóshraða, mundi ekki eldast. Er slíkt vitanlega ekki annað en fjarstæða, því að undir eins og komið væri á stig algjörtrar tíma-stöðvunar, væri ekki framar um neina tilveru að ræða. Tími er



ekki annað en það, að eitthvað gerist, og mundi því stöðvun hans vera sama og að ekkert gerðist. Maður, sem hætti að eldast, gæti því ekki hætt því á annan hátt en það að hætta að vera til.

Í fyrsta tölublaði Djóðviljans 1964 er grein, sem heitir Baráttan við ellina, og er þar sagt frá því, að tekist hafi að framleiða ellimörk á hundum með því að ofpreyta heilabörk þeirra, og að þau ellimörk hafi svo verið læknuð með svefni. Þykir mér þetta eftirtektarvert og þá einnig það, sem síðar segir, að þessi aðferð hafi verið notuð af læknum til að lækna sjúka öldunga, sem gengnir voru í barndóm, og er sagt, að náðst hafi þar góður árangur til sálar og líkama. Annars er þarna í greininni vikið að ýmsum tilraunum manna til að lækna ellina, ýmsum yngingartilraunum, og talað um, hversu þær hafi allar orðið árangurslausar að mestu. Er þarna talað um, að elli og dauði séu óumflýjanleg, þó að ekki væru færð bein rök að því, sem ekki er heldur við að búast, meðan ekki hefir verið séð fram á heimssamband lífsins né heldur lögmál ættminnisins. En stuðningur var þarna samt við hinn íslenzka skilning á eðli svefnsins, og fróðlegt var það að fá að vita, að gömlunin, sem falin kvað vera í þverrandi getu frumanna til að nærast, skuli einkum vera í sambandi við heilabörk einstaklinganna. Bendir það til þess, sem vænta mátti, að hrörnunin leiti þar fyrst á, sem vitundarstarfið einkum fer fram og háþróaðast er. En hin smámsaman þverrandi geta frumanna til að nærast er hinsvegar í góðu samræmi við það, sem hér í upphafi var sagt frá smáþverrandi endurvaxtarhæfileika ánamaðkanna. Og allt er þetta í hinu bezta samræmi við það, að magnan sú, sem með svefninum veitist og framar öllu gefur lifendunum hæfileikann til að geta fært sér í nyt næringu, verði smámsaman ófullnægjandi vegna þess, að reynsla árána, sem sérstaklega hlýtur að koma fram í heilaberkinum, verður sem þróunarmót umfram hið arfgefna. Magnan sú, sem með svefninum veitist, er hið upphaflegasta. Hún er lífið sjálft. Saga tegundarinnar eða ættarinnar er hins vegar það mót, sem hinn tilsendi kraftur fellur í eða lagar sig eftir, og hlýtur því magntaka hvers einstaklings að vera í samræmi við það að mestu. Hitt, sem einstaklingurinn svo lærir á hverjum stað eða ne'nur, verður honum því að sífellt vaxandi byrði, sem hann að lokum hættir að geta borið, og ættu nú allir að geta séð, hve hlálegt það væri, ef sögu hans væri þar með lokið. Sé það raunverulega mikilsvert að þroskast og nema, þá væri það sannarlega öfugsnúið, að einmitt það leiddi til bótalausrar tortímingar og dauða. Og enn vil ég vekja athygli á því, hversu vel það samræmist þessum skilningi, að gömlun og svefnþreyta skuli leiða til hins sama.

Þorsteinn Jónsson.



## EFTIRMÁLI.

Það var með naumindum að mér tókst að koma út 6 heftum félagsblaðsins á árinu, sem leið, og tel ég því nokkurn vafa á, að svo vel takist á þessu ári. Ég man að vísu ekki, hve mikið efni ég hafði fyrir hendi í fyrra um þetta leyti árs, en minnir það væri nokkuð. En nú er hinsvegar þannig ástatt, að í rauninni hefi ég ekkert, sem sérstaklega hefir verið ætlað blaðinu, og má því segja, að ég hefji göngu mína einn míns liðs eins og Hvamms-Sturla forðum, er hann fór til Heiðarvíga gegn Einari Þorgilssyni. Varð það þó sigurför Sturlu, því að fljótlega bættist honum liðsafl, og mætti einnig svo verða hér.

Þannig byrjaði ég fyrir nokkru eftirmála að þessu fyrsta hefti félagsblaðsins á þessu ári, og hefir nú þegar betur skipast, hvað snertir efni í það en útlit var fyrir þá. Að vísu hafa mér ekki borist margar ritgerðir frá öðrum, en nægjanlega þó til þess að þetta fyrsta hefti geti komið út.

Um efni heftisins hefi ég ekki ástæðu til að vera margmáll, því að hvað eina ætti að skýra sig sjálf. Þýðingu Þorsteins Jósepsonar að Næturóði Nietzsches man ég að vísu ekki, en held þó að ég hafi náð henni að mestu eins og húnvar hjá honum. Nietzsche var eins og kunnugt er einn mesti ritsnillingur, og þó að hann sæi ekki fram úr á þann hátt, sem Helgi Pjeturss gerði, þá var hann boðberi frjálsrar hugsunar og brennandi í andanum, eins og nokkuð má ráða af Næturóði hans. "Ég drekk aftur í mig logana, sem af mér stafa," er ein þeirra setninga, sem mér urðu minnisstæðar, og naut ég hennar þó betur fyrir 30 til 40 árum en ég geri nú. Kemur þar eins og víðar fram hjá honum hinn brennandi þorsti einstæðingsins eftir því að vera skilinn, en sem einstæðingur var þó eingöngu af því, að hann var í eðli sínu lýsandi og betur sjáandi en aðrir.

D. J.